

1991 nr. 88 31. desember**Lög um aukatekjur ríkissjóðs**

Tóku gildi 1. janúar 1992. *Breytt með* 1. 1/1992 (tóku gildi 27. jan. 1992 nema 13.–17. og 24. gr. sem tóku gildi 1. febr. 1992), 1. 50/1994 (tóku gildi 20. maí 1994; komu til framkvæmda skv. fyrirmælda í 3. gr.), 1. 140/1995 (tóku gildi 29. des. 1995), 1. 143/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), 1. 28/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), 1. 159/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 2. gr. sem tók gildi 30. des. 1998), 1. 8/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), 1. 26/1999 (tóku gildi 1. nóv. 1999), 1. 29/1999 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 55/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 59/2001 (tóku gildi 13. júní 2001), 1. 145/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), 1. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003) og 1. 144/2004 (tóku gildi 30. des. 2004).

I. kafli. Dómsmálagjöld.

■ **1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir útgáfu stefnu [1.350 kr.]¹⁾
2. Fyrir þingfestingu [3.900 kr.]¹⁾
3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns [3.900 kr.]¹⁾
4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu [150 kr.]¹⁾

□ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir kæru [12.700 kr.]¹⁾
2. Fyrir áfrýjunarleyfi [12.700 kr.]¹⁾
3. Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu [12.700 kr.]¹⁾
4. Fyrir þingfestingu [3.900 kr.]¹⁾
5. Útivistargjald [12.700 kr.]¹⁾

□ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [6.300 kr.]¹⁾ í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakauka-sök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.
2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.
- [8. Forsjármálum.
9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.]²⁾

¹⁾ L. 144/2004, 1. gr. ²⁾ L. 145/2002, 1. gr.

■ **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

□ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [3.900 kr.]¹⁾ í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

¹⁾ L. 144/2004, 2. gr.

■ **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldprotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

□ Þá skal greiða [3.900 kr.]¹⁾ í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.

3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.

4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.

5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.

6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.

7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.

8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.

9. Fyrir kröfu um gjaldprotaskipti.

□ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

□ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

□ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

¹⁾ L. 144/2004, 3. gr.

II. kafli. Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

■ **4. gr.** Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en [3.900 kr.]¹⁾ eða meira en [12.700 kr.]¹⁾ Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

□ Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

□ Við lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða [6.300 kr.]¹⁾ í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

¹⁾ L. 144/2004, 4. gr.

■ **5. gr.** Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en [11.350 kr.]¹⁾ eða meira en [38.500 kr.]¹⁾ Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en [3.900 kr.]¹⁾ eða meira en [12.700 kr.]¹⁾ Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

□ Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið [18.900 kr.]¹⁾ en ef beiðnin varðar annars konar eign [6.300 kr.]¹⁾

□ Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

□ Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

¹⁾ L. 144/2004, 5. gr.

■ **6. gr.** Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða [6.300 kr.]¹⁾ sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

¹⁾ L. 144/2004, 6. gr.

■ **7. gr.** Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbanngerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnaður úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan uðemis hans.

3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

□ Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. kafli. Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

■ **8. gr.** Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða [1.350 kr.]¹⁾

□ Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brotnám lög-ræðissviptingar.

¹⁾ L. 144/2004, 7. gr.

■ **9. gr.** [Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða [1.350 kr.]¹⁾ Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.]²⁾

□ Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða [2.550 kr.]¹⁾

□ Fyrir drátt í happdrætti skal greiða [3.900 kr.]¹⁾

¹⁾ L. 144/2004, 8. gr. ²⁾ L. 59/2001, 1. gr.

IV. kafli. Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

■ **10. gr.** [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða [5.500 kr.]:¹⁾

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.

2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga

og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðar-lyfjafræðinga.

3. Leyfi til sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.

4. Leyfi til sjóntækjafraeðinga.

5. Leyfi til sjúkraliða.

6. Leyfi til matartækna.

7. Leyfi til lyfjatækna.

8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.

9. Leyfi til hnykkja.

10. Leyfi til sjúkraf lutningamanna.

11. Leyfi til næringarfræðinga og næringarráðgjafa.

12. Leyfi til læknaritara.

13. Leyfi til sjúkranuddara.

14. Leyfi til talmeinafræðinga.

15. Leyfi til tannfræðinga.

[16. Leyfi til tannsmiða.]²⁾

[17.]²⁾ Leyfi til matarfræðinga.

[18.]²⁾ Leyfi til náttúrufraeðinga í heilbrigðisþjónustu.

[19.]²⁾ Leyfi til tanntækna.

[20.]²⁾ Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

[21.]²⁾ Leyfi til bókasafnsfræðinga.

[22.]²⁾ [Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), skipulagsfræðinga, raffraeðinga og tölvunarfræðinga.]¹⁾

[23.]²⁾ Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

[24.]²⁾ Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

[25.]²⁾ Leyfi til dómtülka og/eða skjalabýðenda.

[26. Leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns.]¹⁾

[27.]¹⁾ Leyfi til leigubifreiðaaksturs.

[28.]¹⁾ Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.

[29.]¹⁾ Löggilding endurskoðenda.

[30.]¹⁾ Löggilding manna um ævitíð.

[31.]¹⁾ Meistarabréf.

[32.]¹⁾ Sveinsbréf.

[33.]¹⁾ Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.

[34.]¹⁾ Vélstjórnarskírteini.

[35.]¹⁾ Flugnema- og sviffflugmannsskírteini.

[36.]¹⁾ Einkaflugmannsskírteini.

[37.]¹⁾ Atvinnuflugmannsskírteini, I., II. og III. fl.

[38.]¹⁾ Flugvéltaekna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóra-skírteini.

[39.]¹⁾ Skírteini til kvikmyndasýninga:

a. Staðbundin skírteini.

b. Sveinsskírteini.

c. Meistaraskírteini.

[40.]¹⁾ Naglabyssuskírteini.

[41.]¹⁾ Skírteini fyrir suðumenn.

□ Fyrir endurnýjun framtalinnna leyfa og skírteina skal greiða [1.100 kr.]¹⁾³⁾

¹⁾ L. 144/2004, 9. gr. ²⁾ L. 59/2001, 2. gr. ³⁾ L. 55/2000, 1. gr.

V. kafli. Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

■ **11. gr.** Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

[1. . . .]¹⁾

2. Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags

[110.000 kr.]¹⁾²⁾

- [3.] Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996 [110.000 kr.]¹⁾
4. Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993 [110.000 kr.]¹⁾³⁾
5. ...⁴⁾
6. [Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996 [110.000 kr.]¹⁾⁵⁾
7. [Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996 [55.000 kr.]¹⁾⁵⁾
8. [Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins [eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu],⁶⁾ sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996, a. sem starfar skv. 8. gr. laganna [110.000 kr.]¹⁾ b. sem starfar skv. 9. gr. laganna [55.000 kr.]¹⁾⁵⁾
- [9.] Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993 [55.000 kr.]¹⁾
10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998 [110.000 kr.]¹⁾
11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998 [110.000 kr.]¹⁾
12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðstöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997 [110.000 kr.]¹⁾
13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994 [110.000 kr.]¹⁾³⁾
- [14.]³⁾ [Leyfi til váttryggingarmiðlunar [15.]³⁾ Bráðabirgðaleyfi til váttryggingarmiðlunar [11.000 kr.]¹⁾⁷⁾
- [16.]³⁾ ...³⁾
- [17.]³⁾ Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávaraflla [55.000 kr.]¹⁾
- [18.]³⁾ Endurnýjun leyfis skv. [17. tölu].³⁾ [19.]³⁾ ...³⁾
- [20.] Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús, dansstað og krá [55.000 kr.]¹⁾³⁾
- [21.]³⁾ Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi [22.000 kr.]¹⁾
- [22.]³⁾ Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi [16.500 kr.]¹⁾
- [23.]³⁾ Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. [20.–22. tölu].³⁾ [3.300 kr.]¹⁾
- [24.]³⁾ Leyfi til tækifærisveitinga [3.300 kr.]¹⁾
- [25.]³⁾ ...⁸⁾
- [26.]³⁾ ...⁸⁾
- [27.]³⁾ Leyfi til að framleiða áfenga drykki [110.000 kr.]¹⁾
- [28.]³⁾ Áfengisinnflutningsleyfi [16.500 kr.]¹⁾⁷⁾
- [29.]³⁾ Áfengisheildsöluleyfi [33.000 kr.]¹⁾⁷⁾
- [30.]³⁾ Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum [5.500 kr.]¹⁾⁷⁾
- [31.]³⁾ Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis [55.000 kr.]¹⁾⁷⁾
- [32.]³⁾ Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað a. til eins árs eða skemur [110.000 kr.]¹⁾ b. til lengri tíma en eins árs [330.000 kr.]¹⁾⁴⁾
- [33.] Iðnaðarleyfi³⁾ [27.500 kr.]¹⁾⁴⁾
- [34.] Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998 [27.500 kr.]¹⁾
35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998 [110.000 kr.]¹⁾
36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnunum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990 [110.000 kr.]¹⁾³⁾
- [[37.]³⁾ ...¹⁾
- [38.]³⁾ ...¹⁾
- [39.]³⁾ Leyfi til reksturs pósthjónustu [88.000 kr.]¹⁾
- [40.]³⁾ Leyfi til sjónvarps a. til þriggja ára [106.000 kr.]¹⁾ b. til fimm ára [176.000 kr.]¹⁾ c. til sjö ára [246.000 kr.]¹⁾
- [41.]³⁾ Leyfi til hljóðvarps a. til allt að tveggja mánaða [3.300 kr.]¹⁾ b. til eins árs [24.200 kr.]¹⁾ c. til tveggja ára [48.400 kr.]¹⁾ d. til þriggja ára [72.600 kr.]¹⁾ e. til fimm ára [121.000 kr.]¹⁾
- [42.]³⁾ Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsráttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í [40. tölu] og b–e-liðum 41. tölu.³⁾
- [43.]³⁾ Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 [55.000 kr.]¹⁾ b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 [33.000 kr.]¹⁾ c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 [11.000 kr.]¹⁾⁹⁾
- [44.]³⁾ ...³⁾
- [45.] Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994 [5.500 kr.]¹⁾
46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997 [5.500 kr.]¹⁾
47. Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika [5.500 kr.]¹⁾
48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973 [5.500 kr.]¹⁾
49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994, a. til tveggja ára [5.500 kr.]¹⁾ b. til fimm ára [5.500 kr.]¹⁾³⁾
- [50.] Útflutningsleyfi [1.350 kr.]¹⁾¹⁰⁾
- [51.] Leyfi til sölu notaðra ökutækja a. til fimm ára [27.500 kr.]¹⁾ b. endurnýjun leyfis skv. a-lið [2.750 kr.]¹⁾¹¹⁾

¹⁾ L. 144/2004, 10. gr. ²⁾ L. 29/1999, 7. gr. ³⁾ L. 55/2000, 2. gr. ⁴⁾ L. 28/1998, 26. gr. ⁵⁾ L. 143/1997, 9. gr. ⁶⁾ L. 72/2003, 15. gr. ⁷⁾ L. 140/1995, 1. gr. ⁸⁾ L. 8/1999, 5. gr. ⁹⁾ L. 159/1998, 3. gr. ¹⁰⁾ L. 59/2001, 3. gr. ¹¹⁾ L. 145/2002, 3. gr.

VI. kafli. Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

■ **12. gr.** Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

1. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) [3.300 kr.]¹⁾
2. Leyfisskráteini til kaupa og notkunar á eiturefnum [5.500 kr.]¹⁾
3. Endurnýjun leyfisskráteina skv. 2. tölul. [3.300 kr.]¹⁾
4. Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni [27.500 kr.]¹⁾
5. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi [16.500 kr.]¹⁾
6. Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul. [3.300 kr.]¹⁾
7. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu [3.300 kr.]¹⁾
8. Leyfi til kaupa á sprengiefni [6.600 kr.]¹⁾
9. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar [6.600 kr.]¹⁾
- [10. Skotvopnaleyfi [3.300 kr.]¹⁾
11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul. [3.300 kr.]¹⁾
12. Leyfi til reksturs skotvopnaleygu [3.300 kr.]¹⁾
13. Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda [3.300 kr.]¹⁾
14. Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar [3.300 kr.]¹⁾
15. Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði [3.300 kr.]¹⁾
16. Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota [3.300 kr.]¹⁾²⁾
- [17. Leyfi til skoteldasýningar [5.500 kr.]¹⁾
18. Brennuleyfi [5.500 kr.]¹⁾³⁾

¹⁾ L. 144/2004, 11. gr. ²⁾ L. 55/2000, 3. gr. ³⁾ L. 59/2001, 4. gr.

VII. kafli. Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

■ **13. gr.** Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. [Skráning hlutfélags og samvinnufélags [165.000 kr.]¹⁾²⁾
2. Skráning einkahlutfélags [og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur]³⁾ [82.500 kr.]¹⁾²⁾
- [3.]²⁾ Skráning erlendra félaga [165.000 kr.]¹⁾
- [4.]²⁾ Skráning firma eins manns [44.000 kr.]¹⁾
- [5.]²⁾ Skráning firma tveggja manna eða fleiri [55.000 kr.]¹⁾
- [6. Umskráning hlutfélaga í einkahlutfélög [5.500 kr.]¹⁾²⁾
- [7. Umskráning einkahlutfélaga í hlutfélög [82.500 kr.]¹⁾²⁾
- [8.]²⁾ Aukatilkynningar og skráning breytinga [1.100 kr.]¹⁾
- [9.]²⁾ Skráning loftfars til atvinnuflugs [66.000 kr.]¹⁾
- [10.]²⁾ Skráning loftfars til einkaflugs [33.000 kr.]¹⁾
- [11.]²⁾ Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) [5.500 kr.]¹⁾
- [12.]²⁾ Skráning kaupmála [4.400 kr.]¹⁾

- [13.]²⁾ Lögskráning sjómanna [550 kr.]¹⁾
- [14. Skráning póstrekenda [11.000 kr.]¹⁾
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptabjónustu [11.000 kr.]¹⁾⁴⁾

[16.]⁴⁾ . . . ⁵⁾

¹⁾ L. 144/2004, 12. gr. ²⁾ L. 140/1995, 2. gr. ³⁾ L. 26/1999, 1. gr. ⁴⁾ L. 159/1998, 4. gr. ⁵⁾ L. 55/2000, 4. gr.

VIII. kafli. Ýmis vottorð og leyfi.

■ **14. gr.**

1. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
 - a. Almennt gjald [5.100 kr.]¹⁾
 - b. Fyrir skyndiútgáfu [10.100 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir neyðarvegabréf [2.550 kr.]¹⁾²⁾
 - [d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.]³⁾
2. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
 - a. Almennt gjald [1.900 kr.]¹⁾
 - b. Fyrir skyndiútgáfu [3.750 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir neyðarvegabréf [950 kr.]¹⁾²⁾
- [3. Fyrir útgáfu diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:
 - a. Fyrir 18–66 ára [5.100 kr.]¹⁾
 - b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára [10.100 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir aðra [1.900 kr.]¹⁾
 - d. Skyndiútgáfa fyrir aðra [3.750 kr.]¹⁾
4. [Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:
 - a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 [3.100 kr.]¹⁾
 - b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 [2.200 kr.]¹⁾⁴⁾
5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn [3.000 kr.]¹⁾
6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur) [3.000 kr.]¹⁾
7. Vegabréfsáritun til skamms tíma (hámark til 30 daga) [3.000 kr.]¹⁾
8. [Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga) 3.000 kr.]¹⁾
9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár [3.000 kr.]¹⁾
10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár og að auki fyrir hvert viðbótarár [3.000 kr.]¹⁾
11. Vegabréfsáritun til langs tíma [3.000 kr.]¹⁾
12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið [3.000 kr.]¹⁾
13. Vegabréfsáritanir skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar) og að auki fyrir hvern einstakling [90 kr.]¹⁾
14. . . . ¹⁾
15. . . . ¹⁾
- [16.]³⁾ Fyrir borgaralega hjónavígslu [5.100 kr.]¹⁾
- [17.]³⁾ Lögskilnaðarleyfi [3.100 kr.]¹⁾

- [18.]³⁾ Leyfi til skilnaðar að borði og sæng [2.550 kr.]¹⁾
- [19.]³⁾ Ættleiðingarleyfi [2.550 kr.]¹⁾
- [20.]³⁾ Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu [1.350 kr.]¹⁾
- [21.]³⁾ Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar [1.350 kr.]¹⁾
- [22.]³⁾ Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna [1.350 kr.]¹⁾
- [23.]³⁾ Fyrir veðbókarvottorð [1.000 kr.]¹⁾
- [24.]³⁾ Fyrir önnur embættisvottorð [1.350 kr.]¹⁾
- [[25.]³⁾ Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum [550 kr.]¹⁾⁵⁾
- [[26.]³⁾ Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannaöfn [4.400 kr.]¹⁾
- [27.]³⁾ Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgarétt [1.350 kr.]¹⁾⁶⁾
- [[28.]³⁾ Fyrir ökuskrírteini (fullnaðarskrírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni [3.900 kr.]¹⁾
- [29.]³⁾ Fyrir bráðabirgðaökuskrírteini . . . ⁷⁾ og ökuskrírteini fyrir flokkana M og T [2.200 kr.]¹⁾²⁾
- [[30.]³⁾ Fyrir ökuskrírteini 65 ára og eldri [1.100 kr.]¹⁾⁷⁾
- [31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa [5.500 kr.]¹⁾⁴⁾
- [Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.]³⁾

¹⁾ L. 144/2004, 13. gr. ²⁾ L. 159/1998, 5. gr. ³⁾ L. 59/2001, 5. gr. ⁴⁾ L. 145/2002, 4. gr. ⁵⁾ L. 50/1994, 2. gr. ⁶⁾ L. 143/1997, 10. gr. ⁷⁾ L. 55/2000, 5. gr.

■ **[14. gr. a.]** Greiða skal í ríkissjóð 1.500 kr. af hverju skráningarkerki ökutækja.]¹⁾

¹⁾ L. 144/2004, 14. gr.

[IX. kafli. Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar.]¹⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[15. gr.]** Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis [3.300 kr.]¹⁾
2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða [3.900 kr.]¹⁾
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis [5.500 kr.]¹⁾
4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana [11.000 kr.]¹⁾
5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:
 - a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. [3.300 kr.]¹⁾
 - b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr. til 200.000 kr. [8.300 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en [41.500 kr.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 144/2004, 15. gr. ²⁾ L. 59/2001, 6. gr.

[[X. kafli.]¹⁾ Afgreiðslugjald skipa.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 1/1992, 34. gr.

■ **[[16. gr.]¹⁾** [[Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins.]²⁾ Hálf tótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.]³⁾

□ Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

□ Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.]⁴⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 144/2004, 16. gr. ³⁾ L. 140/1995, 3. gr. ⁴⁾ L. 1/1992, 34. gr.

[XI. kafli.]¹⁾ [Ljósrit, endurrit og eftirgerð.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 6. gr.

■ **[17. gr.]¹⁾** Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða [150 kr.]²⁾ fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða [1.100 kr.]²⁾

□ Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

□ [Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., [450 kr.]²⁾
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., [400 kr.]²⁾
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku [1.100 kr.]²⁾³⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 144/2004, 17. gr. ³⁾ L. 140/1995, 4. gr.

[[XII. kafli.]¹⁾ Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[[18. gr.]¹⁾** Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráa í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissjóða,²⁾ skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.]³⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ Nú l. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða. ³⁾ L. 143/1997, 11. gr.

[XIII. kafli.]¹⁾ Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.]

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[19. gr.]¹⁾** Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

□ Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

□ Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[20. gr.]¹⁾** Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

□ [Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10. tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evr-

unnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 59/2001, 7. gr.

■ [21. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 5. gr.

■ [22. gr.]¹⁾ Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ [23. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. . . .

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA